

Samskiptareglur milli hótela og ferðaskrifstofa

Leiðbeiningar

1. BÓKANIR OG STAÐFESTINGAR

A. Bókanir ferðaskrifstofa

Bókun skal vera skrifleg og skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn farþega sé um einstaklinga að ræða, fjölda ef um hóp er að ræða.
- Komu- og brottfarardag, komutíma ef farþegi kemur seint, flugnúmer eða ferðatilhögun þegar við á.
- Fjöldi og skiptingu herbergja, tilgreina skal sérstaklega herbergi fyrir leiðsögumann og bílstjóra.
- Sömu reglur gilda um fyrirframbókanir (allottment bókanir), þær falla sjálfkrafa niður innan tilskilins frests.
- Önnur þjónusta tilgreind

B. Staðfesting á bókun

Gististaðurinn skal staðfesta bókun innan 24 tíma sé um virkan dag að ræða. Þar skal tilgreina skiptingu herbergja.

C. Stöðulisti - nafnalistar fyrir hópa

Stöðulisti skal sendur 8 vikum fyrir komu hóps. Verði breytingar á fjölda skulu þær tilkynntar tafalaust. Standa skal skil á nafnalista 4 vikum fyrir komu hóps. Breytingar á nafnalista skal tilkynna strax.

2. AFPANTANIR

Ferðaskrifstofur skulu kappkosta að láta gististaði vita eins fljótt og kostur er, ef ekki verður af komu gestanna. Afpöntun vegna hópa skal berast gististað 8 vikum fyrir komu. Ef afbókað er með minna en 8 vikna fyrirvara, og ekki er um annað samið, má innheimta afpöntunargjald. Aðilar eru sammála um að vinna saman að því að ferðaskrifstofur þurfi ekki að greiða afbókunargjald, enda þyki sannað að gististaður bíði ekki tjón af afbókun. Afbókanir vegna einstaklingsbókana skulu berast gististað eigi síðar en 3 dögum fyrir komu. Berist hún síðar skal ferðaskrifstofa greiða eina gistinótt.

3. VERÐLISTAR - TÍMABIL

A. Verðlistar

Verðlistar skulu innihalda einstaklingsverð þegar bókun er fyrir 9 farþega og færri og hópaverð þegar bókun er fyrir 10 farþega

og fleiri. Sérverð eru fyrir börn 0-1 árs og 2 - 11 ára. Verð á gistingu skal ákveða 18-24 mánuði fram í tímann.

B. Tímabil

Verðlistar gististaða miðast við eftirfarandi tímabil:

- Vetrarverð: frá 1. október - 30. apríl
- Sumarverð: frá 1. júní - 31. ágúst
- Vor og haustverð: 1. maí - 31. maí og 1. sept. - 30. sept.

Aðilar eru sammála um samræmingu tímabila, heimilt er þó að hafa sama verð á fleiri en einu tímabili.

C. Sérstakir afslættir

Verð, afslættir og hlunnindi eru samkomulag á milli einstakra gististaða og ferðaskrifstofa. Gististaðir taki tillit til stöðu ferðaskrifstofa í dreifileið við verðlagningu þjónustu.

4. GREIÐSLUR

A. Staðfestingargjald

Gististöðum er heimilt að fara fram á staðfestingargjald eða aðrar tryggingar fyrir viðskiptunum.

B. Útskrift reiknings, uppgjör

Dagsetning og póstun reiknings skal vera á brottfarardegi gests. Greiðslubeiðni frá ferðaskrifstofu, þar sem skilgreindur er fjöldi herbergja og önnur þjónusta, skal fylgja reikningi. Uppgjör reiknings fer fram innan 30 daga, sé ekki um annað samið.

5. SKYLDUR GISTISTAÐARINS

A. Herbergi tiltæk

Bókað herbergi skal vera til ráðstöfunar frá kl.14:00 á komudegi til kl.12:00 á brottfarardegi. Hótel áskilur sér rétt til að ráðstafa fráteknum herbergjum eftir kl.18:00 nema vitað sé að gestirnir komi seinna.

B. Þegar hótelið getur ekki séð gestum fyrir herbergjum

Geti hótel af utanaðkomandi ástæðum og í undantekningartilvikum ekki séð gestum sínum fyrir umsömdum herbergjum skal það sjá þeim fyrir jafngóðum eða betri herbergjum án aukakostnaðar. Þetta skal þó aldrei gert nema að höfðu samráði við ferðaskrifstofuna.

6. **SKYLDUR FERÐASKRIFSTOFA**

A. **Upplýsingar**

Ferðaskrifstofa skal gefa nauðsynlegar og nákvæmar upplýsingar um umbeðnar pantanir og stuðla að því að pantanir séu réttar. Ferðaskrifstofa skal upplýsa um tengiliði á ferðaskrifstofu.